

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2023, föstudaginn 9. júní, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Þresti Ríkharðssyni, Gunnari Guðmundssyni og Ástu Björk Eiríksdóttur.

Fyrir er tekið málið nr. 9/2023:

Framkvæmdarstjóri KSÍ
gegn
Steinþóri Frey Þorsteinssyni.

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Framkvæmdarstjóri KSÍ
Klara Bjartmarz

Kærði:

Steinþór Freyr Þorsteinsson

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 23. maí 2023 var tekin fyrir greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ, dags. 23. maí 2023, sem send var nefndinni skv. grein 19.2 í lögum KSÍ.

Kærðu var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku með bréfi dags. 23. maí 2023. Greinargerð barst frá kærða þann 30. maí 2023.

II.

Málsatvik:

Í greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ kemur fram að málið varði meint brot samningsleikmanns KA, Steinþórs Freys Þorsteinssonar (f. 29.07.1985) á grein 6.2 laga KSÍ, grein 4.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og grein 1.d. staðalsamnings KSÍ í X. kafla reglugerðar KSÍ um félagsskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Meint brot sem vitnað er til í greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ er lýst með eftirfarandi hætti:

Þriðjudaginn 25. apríl hafði starfsmaður heilindamála hjá Pinnacle samband við heilindafulltrúa KSÍ. Ástæðan var að við almenna vöktun veðmála hjá Pinnacle hafði vaknað grunur um að leikmaður á Íslandi, Steinþór Freyr Þorsteinsson, sem væri skráður sem virkur leikmaður hjá íslensku félagi í mótum á vegum KSÍ, væri að veðja á íslenska leiki, hjá eigin félagi jafnt sem aðra leiki í íslenskum mótum. Fulltrúi Pinnacle óskaði eftir staðfestingu

frá KSÍ um það hvaða reglur væru í gildi og hvort viðkomandi leikmaður væri virkur leikmaður á Íslandi og þegar það var staðfest sendi Pinnacle KSÍ gögn um veðmál leikmannsins.

Gögnin sem Pinnacle sendi KSÍ sýna nokkra tugi veðmála Steinþórs Freys á leiki á Íslandi á tímabilinu 19.08.2018 til 20.04.2023 í mótum meistaraflokks karla hjá KSÍ. Á meðal leikja sem Steinþór veðjar á eru 19 leikir í efstu deild karla, þ.á.m. einn leikur hjá eigin liði/ samningsfélagi sem Steinþór tók sjálfur þátt í (leikur KA og Vals í Bestu deild karla þann 29. október 2022). Einnig sýnir yfirlit í excel skjali átta leiki í bikarkeppni KSÍ og tvo leiki í Lengjubikarkeppni KSÍ.

KSÍ óskaði þó eftir álitum frá veðmálaeftirliti UEFA um leik KA og Vals sem fram fór þann 29. október 2022. Leikmaðurinn kemur inn á í leiknum en þá var staðan 2-0 fyrir KA, sem urðu lokatölur leiksins. Niðurstöður UEFA eru að engar sérstakar vísendingar séu um hagræðingu úrslita og mynstur í veðmála í kringum leikinn metin eðlileg.

Með greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ fylgdi yfirlit frá veðmálafyrirtækinu Pinnacle yfir veðmál leikmannsins á tímabilinu 19. ágúst 2018 til 20. apríl 2023. Þá fylgdi jafnframt með greinargerðinni afrit af samskiptum skrifstofu KSÍ við UEFA og Pinnacle vegna málsins í apríl 2023.

Í greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ er vitnað til þess að skv. 40. gr. laga KSÍ geti viðurlögum við brotum á lögnum og reglugerðum KSÍ bæði verið beitt gagnvart félögum og/eða einstaklingum. Framkvæmdastjóri KSÍ hafi því ákveðið í samræmi við grein 19.2. í lögum KSÍ að vísa meintu broti samningsleikmanns KA til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Það sé ósk framkvæmdastjóra KSÍ að nefndin taki málið til skoðunar og ákvarði hvort beita skuli viðurlögum gagnvart Steinþóri Frey Þorsteinssyni í samræmi við 40. grein laga KSÍ, reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og/eða samkvæmt öðrum reglugerðum KSÍ.

III.

Kærðu var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku með bréfi dags. 23. maí 2023 og barst greinargerð frá kærða þann 30. maí 2023.

Er í greinargerð kærða viðurkennd sök að fullu í málinu og er af hálfu kærða beðist afsökunar á þeirri rýrð sem athæfi kærða hafi varpað á knattspyrnuhreyfinguna.

Er af hálfu kærða óskað eftir að vægustu refsingu sem völ er á verði beitt og vísar kærði m.a. til þess að hann hafi játað sök í málinu og taki fulla ábyrgð á háttsemi sinni, ekki liggi grunur á að neitt óeðlilegt hafi átt sér stað í viðkomandi leikjum, aðeins hafi verið um að ræða eitt tilvik þar sem kærði tók þátt í viðkomandi knattspyrnuleik, um fá veðmál hafi verið að ræða yfir langt tímabil og að kærði hafi ekki hagnast á viðkomandi veðmálum.

IV.

Niðurstaða:

Í málinu liggur fyrir skýr viðurkenning frá kærða um að hann hafi tekið þátt í veðmálastarfsemi í tengslum við eigin leiki og eigið mót í 40 skipti um tæplega 5 ára skeið á tímabilinu 19. ágúst 2018 til 20. apríl 2023 og með því hafi kærði brotið gagnvart grein 6.2 í lögum KSÍ og grein 4.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Samkvæmt grein 6.2. laga KSÍ er aðilum sem falla undir lögin og taka þátt í knattspyrnuleikjum á vegum KSÍ óheimilt að taka þátt í veðmálastarfsemi, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki og eigin mót. Sambærilegt ákvæði er að finna í grein 4.4. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, en þar er tiltekið að aðilar sem taka þátt í knattspyrnuleikjum á vegum KSÍ sé óheimilt að taka þátt í veðmálastarfsemi, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki og eigin mót. Með vísan til þessa sé ljóst að þátttakendum í knattspyrnuleikjum á vegum KSÍ, þar með talið leikmönnum, sé óheimilt að taka þátt í getraunaleikjum hjá eigin liði og í eigin mótum á vegum KSÍ.

Í 40. grein laga KSÍ eru tilgreind viðurlög sem beitt getur verið gagnvart einstaklingum vegna brota á lögunum og reglugerðum KSÍ. Í grein 11.2. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál eru nánar tilgreind þau viðurlög sem nefndin getur beitt í kærumálum. Við ákvörðun viðurlaga horfir nefndin til þess að varnaraðili hafi gerst brotlegur gagnvart ákvæði laga KSÍ sem er ætlað er að standi vörð um heilindi og háttvísi í knattspyrnuhreyfingunni. Þegar aðili, sem fellur undir lögin, gerist uppvís af þátttöku í veðmálastarfsemi í tengslum við eigin leiki og eigið mót brýtur það gegn grundvallarreglu um heiðarlegan leik gagnvart öllum þátttakendum leiksins.

Kærði hefur á fimm ára tímabili gerst sekur um ítrekuð brot gegn ofangreindum ákvæðum en megnið af veðmálastarfsemi kærða, þ.e. 36 tilvik af 40, átti sér stað á árunum 2022 og 2023. Í eitt þeirra skipta hafi kærði veðjað á leik sem hann tók þátt í sjálfur. Nefndin telur að her sé um að ræða brot á grundvallarreglu sem eru alvarleg eðlis.

Í málinu liggur fyrir skýr viðurkenning af hálfu kærða við framangreindum brotum og iðrun af hans hálfu að hafa með dómgreindarbresti tekið þátt í veðmálastarfsemi eru lutu að eigin liði og keppnum sem lið hans tók þátt í.

Við ákvörðun viðurlaga tekur nefndin tillit til alls ofangreinds sem og þess að ekkert liggur fyrir um að kærði hafi með brotum sínum reynt að hagræða úrslitum leikja.

Hefur aga- og úrskurðarnefnd ákveðið með vísan til 40. greinar laga KSÍ að úrskurða Steinþór Frey Þorsteinsson í bann frá allri þátttöku í knattspyrnu á tímabilinu 9. júní 2023 til og með 31. desember 2023.

VI.

Úrskurðarorð:

Steinþór Frey Þorsteinsson skal sæta banni frá allri þátttöku í knattspyrnu á tímabilinu 9. júní 2023 til og með 31. desember 2023.

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Þröstur Ríkharðsson [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Ásta Björk Eiríksdóttir [sign]